

Reykjavíkflugvelli
101 Reykjavík
Sími: 354 569 4100
Telefax: 354 562 3619
E-mail: fms@caa.is
AFTN: BIRKYNYX

AIC

Upplýsingabréf

Upplýsingabréf
B - 0002
6 MAR 1997

NOTAMSKRIFSTOFANREYKJAVÍKURFLUGVELLI

Að handsnúa flugvélarhreyfil í gang.

Áður fyrr var kennsla í að handsnúa flugvélarhreyfil í gang sjálfsagður hluti af grunn námi flugnema, en þá voru flestar kennsluflugvélar án rafmagns.

Þó svo að flestar flugvélar séu nú með rafmagnsræsi ættu allir flugmenn að þekkja hættuna og vita hvernig á að handsnúa hreyfil í gang. Eins er nauðsynlegt að kenna einkaflugmönnum rétt handbrögð áður en þeir útskrifast.

Vegna þeirrar hættu sem er því samfara ætti aðeins að handsnúa flugvél í gang í ýrustu neyð og eftir að nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar. Skaðar á fólki og eignum eru of margir við svona gangsetningar þegar flugvélin hefur skyndilega rokið stjórnlaust undir eigin vélarafli af stað eftir handvirka gangsetningu og við höfum nýlegt dæmi um slíkt frá sumrinu 1996.

Aldrei ætti að handsnúa flugvélahreyfil í gang nema flugmaður eða flugtæknimenntaður maður sem þekkir til allra stjórnækja vélarinnar séu við stjórnvölinn og bremsur séu á. Einnig ætti að setja hjólaklossa framan við aðalhjólin. Ef þetta er ekki hægt ætti að binda vélina tryggilega niður.

Þegar nauðsynlegt reynist að handsnúa í gang gætið þess að yfirborð jarðar undir skrúfunni sé hart og þar sé ekkert laust efni. Lausamöl, hált gras, aur eða feiti getur orðið til þess að sá sem er að handsnúa renni eða detti á loftskrúfunna þegar hreyfillinn fer í gang.

Athugið að kveikjur séu "AF". Snúið síðan skrúfublaðinu þannig að það sé aðeins ofan við lárétta stöðu. Sá sem handsnýr á að standa beint framan við skrúfunna hæfilega nærri en þó ekki of nálægt. Ef staðið er of fjarri skrúfunni væri nauðsynlegt að halla sér fram í ójafnægri stöðu til að ná til hennar. Þetta gæti valdið falli fram að skrúfunni þegar hreyfillinn fer í gang.

Þegar allt er tilbúið til gangsetningar skal flugmaðurinn líta í kringum sig og fullvissa sig um að engir óviðkomandi séu hættulega nærri flugvélinni.

Þegar bensínjöfin hefur verið sett í ræststöðu og kveikjurnar settar "Á" er skrufublaðinu snúið með því að ýta blaðinu hratt niður með lófum beggja handa. Ef gripið er fast með fingrum um skrufuna er hætta á að líkaminn dragist að skrufunni er hún "misfire" og snýst í öfuga átt. Um leið og skrufublaðinu er ýtt niður á "handtrekkjarinn" að stíga afturábak frá skrufunni. Ef hreyfillinn fer ekki í gang, komið þá skrufublaðinu aftur í rétta stöðu fyrir aðra tilraun en gætið þess að kveikjur séu "AF".

Þegar hjólaklossar eru teknir frá eftir gangsetningu munið að loftskrufan er næstum ósýnileg.

Dæmi eru um alvarlega líkamsáverka og/eða að hurð hafi skolið nærri hælum.